



Öndunarfærasýkingar


Vika 44

30. október – 5. nóvember 2023

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir


COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)

Fjöldi staðfesta COVID-19 greininga með PCR-prófi í viku 44 voru alls 42 og hlutfall jákvæðra PCR-prófa af heildarfjölda prófa var 20%. Er þetta svipað og verið hefur undanfarnar vikur (Mynd 1).




Mynd 1. Vikulegur fjöldi COVID-19 PCR-greininga ásamt hlutfalli jákvæðra prófa frá vetri ársins 2022 til viku 44 2023.

Fjöldi einstaklinga með klíniska greiningu COVID-19 í viku 44 var 41 sem er heldur minna en undanfarið en í takt við fjölda PCR-greininga (Mynd 2).



Mynd 2. Samanburður á vikulegum fjölda PCR-greining og klínískra greininga á COVID-19.

Þegar tíðni COVID-19 greininga er skoðuð miðað við aldursskiptingu þá sem af er árinu 2023, sést að tíðnin er hæst í aldurshópnum 80 ára og eldri og virðist tíðnin fara hækkandi með aldri. Undantekning á þessu eru þó börn 5 ára og yngri en tíðnin í þeim hópi hefur verið sambærileg aldurshópnum 60–69 ára á þessu ári. Ekki hefur verið teljandi munur á tíðni PCR og klínískra greininga eftir aldri á þessu ári nema þá helst meðal barna 5 ára og yngri þar sem meira hefur verið um klínískar greiningar samanborið við PCR greiningar (Mynd 3).




Mynd 3. Tíðni PCR-greining og klínískra greininga á COVID-19 þá sem af er árinu 2023 eftir aldri.

Þau afbrigði COVID-19 sem hafa verið í mestri dreifingu hér á landi eru sambærileg þeim sem hafa verið í dreifingu á meginlandi Evrópu. Í septembermánuði voru um 90% raðgreindra PCR-sýna hér á landi í flokkunum XBB.1.5-like+F456L og XBB1.5-like. Í októbermánuði tilheyrðu tæplega 80% raðgreindra PCR-sýna þessum sömu afbrigðaflokkum.

Nánari upplýsingar um flokkun afbrigða má nálgast á [vef Sóttvarnastofnunar Evrópu](#).

Inflúensa


Í viku 44 greindust sjö með staðfesta inflúensu sem er sambærilegur þeim fjölda sem greindust í viku 43 (Mynd 4). Líkt og í viku 43 voru öll tilfelli inflúensu í viku 44 af týpu A.




Mynd 4. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum í haust og síðastliðin tvö ár samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila þar á undan (2015–2020). Athugið að veturinn 2020–2021 greindist ekkert tilfelli af inflúensu.

Rhinoveira, RSV og aðrar öndunarfæraveirur

Svipaður fjöldi greindist með rhinoveiru (kvæf) í viku 44 líkt og í undangengnum fjórum vikum (Mynd 5). Hlutfall jákvæðra öndunarfærásýna af greindum sýnum var einnig svipað og verið hefur undanfarnar vikur (Mynd 6).



Mynd 5. Vikulegur fjöldi rhinoveiru-greininga frá vetri 2022.




Mynd 6. Vikulegur fjöldi öndunarfærasynda og hlutfall jákvæðra sýna frá vetri 2022. COVID-19 próf ekki meðtalin.

Fimm greindust með RS-vírus (RSV) í viku 44, þar af voru fjögur börn undir eins árs aldri.

Frekari upplýsingar um greiningar á öndunarfæraveirum má sjá á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).

Innlagnir á sjúkrahús

Í viku 44 lágu tveir einstaklingar á Landspítala með inflúensu og 12 með COVID-19, sem er sambærilegt þeim fjölda sem hefur verið innliggjandi undanfarnar þrjár vikur (Mynd 7).



Mynd 7. Fjöldi innlagðra einstaklinga með öndunarfærasyngingarf frá hausti 2022 til viku 44 2023. Gögn fengin frá Landspítala.

Samantekt

Í viku 44 greindust sjö með inflúensu, öll af týpu A. Fjöldi staðfesta COVID-19 greininga og rhinoveiru er svipað og verið hefur undanfarnar vikur. Þegar skoðuð er aldursskipting COVID-19 greininga á þessu ári sést að tíðnin er hæst í aldurshópnum 80 ára og eldri. Fimm greindust með RS-vírus (RSV), þar af voru fjögur börn undir eins árs aldri. Faraldur inflúensu er ekki hafinn.

Staðan í Evrópu

Tíðni öndunarfærasýkinga í viku 43 var svipuð og á sama tíma í fyrra í flestum löndum. Hluti öndunarfærasýkinganna er eins og áður af völdum COVID-19. Vísbendingar eru um að tíðni sé að aukast og mest meðal 65 ára og eldri. Þau afbrigði COVID-19 sem eru í mestri dreifingu eru áfram XBB.1.5-like+F456L og XBB1.5-like.

Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna persónulegum sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og á að smita aðra. Við minnum öll á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna reglulegum handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.

